

Tilnefningarnefnd Íslandsbanka

Skýrsla til aðalfundar
17. mars 2022

Birting skýrslu 3. mars 2022

Stjórn Íslandsbanka hf. boðaði til aðalfundar bankans þann 23. febrúar sl. Fundurinn verður haldinn fimmtudaginn 17. mars 2022, kl. 16:00, í fundarsalnum Gullteig á Grand hótél Reykjavík, Sigtúni 28, 105 Reykjavík. Jafnframt er gefinn kostur á rafrænni þátttöku á fundinum. Atkvæðagreiðsla á fundinum fer eingöngu fram með rafrænum hætti.

Í samræmi við samþykktir bankans hefur bankinn starfandi tilnefningarnefnd sem hefur það hlutverk að tilnefna einstaklinga til stjórnarsetu á aðalfundi bankans, eða eftir atvikum á hluthafafundi þar sem stjórnarkjör er á dagskrá.

Í skýrslu þessari er greint frá störfum nefndarinnar á árinu og tilnefningum nefndarinnar fyrir aðalfund Íslandsbanka 2022 ásamt rökstuðningi.

Tilnefningarnefnd Íslandsbanka

Á hluthafafundi í Íslandsbanka þann 26. maí 2021 var tilnefningarnefnd bankans sett á laggirnar. Nefndarmenn voru skipaðir af stjórn bankans í september 2021.

Markmið nefndarinnar er að skapa vettvang til að koma framboðum til stjórnar á framfæri, að meta hæfi einstakra frambjóðenda til að rækja hlutverk sitt, að tryggja að sá hópur sem tilnefndur er í stjórnina hafi nægilega breidd hvað varðar þekkingu, reynslu og bakgrunn út frá stefnu, þörfum og starfsemi bankans og að sjá til þess að tilnefndur hópur sé nægilega fjölbreyttur. Nefndin hefur ráðgefandi hlutverk í tengslum við kosningu til stjórnar bankans.

Nefndarmenn tilnefningarnefndar skulu vera þrír og eru þeir kjörnir af stjórn til eins árs í senn. Samkvæmt starfsreglum nefndarinnar skal stjórnarformaður bankans vera einn þriggja nefndarmanna en skal þó ekki vera formaður nefndarinnar. Hinir tveir nefndarmennirnir skulu vera óháðir bankanum og daglegri stjórn hans og annar þeirra skal ennfremur vera óháður þeim hluthöfum bankans sem eiga virkan eignarhlut í bankanum, eða einhverjum hópi hluthafa sem eiga í samstarfi og eiga samanlagt virkan eignarhlut.

Í tilnefningarnefnd bankans sitja:

Helga Valfells, formaður

Helga sat í stjórn Íslandsbanka frá 2013 til 2019. Hún er stofnandi og framkvæmdastjóri hjá fjárfestingarfélaginu Crowberry Capital. Helga var varaformaður stjórnar Símans frá 2018 til 2021. Helga hefur m.a. sinnt störfum fyrir Estée Lauder UK, Merrill Lynch International Europe og Útflutningsráð Íslands þar sem hún starfaði með fjölmörgum ólíkum útflutningsfyrirtækjum. Helga sat í 14 stjórnnum nýsköpunarféлага á meðan hún starfaði sem framkvæmdastjóri Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins frá 2010 til 2016. Hún er frumkvöðull og hefur tekið þátt í stofnun nýsköpunarfyrirtækja og einnig starfað sem aðstoðarmaður viðskiptaráðherra. Hún hefur jafnframt starfað sem ráðgjafi fyrir fjölmörg útflutningsfyrirtæki frá Íslandi, Bretlandi og Kanada. Helga er með B.A. gráðu frá Harvard háskóla og MBA frá London Business School.

Hallgrímur Snorrason, stjórnarformaður Íslandsbanka

Hallgrímur er stjórnarformaður Íslandsbanka, frá mars 2019, en hefur setið í stjórn bankans frá 2016. Hallgrímur starfar sjálfstætt sem ráðgjafi í opinberri hagskýrslugerð á alþjóðavettvangi. Hann gegndi starfi Hagstofustjóra 1985–2007 og var aðstoðarforstjóri Þjóðhagsstofnunar 1980–1984. Hann hefur setið í fjölda stjórna, m.a. bankaráði Útvegsbanka Íslands hf., Skýrr og Auði Capital. Hann hefur jafnframt verið formaður ýmissa stjórnskipaðra nefnda, bæði innlendra sem og nefnda tengdum norrænu samstarfi, EFTA, ESB og OECD. Hallgrímur er með M.Sc. gráðu í hagfræði frá Háskólanum í Lundi í Svíþjóð og B.Sc. gráðu í hagfræði frá Háskólanum í Edinborg í Bretlandi.

Tómas Már Sigurðsson

Tómas var varaformaður stjórnar Íslandsbanka árið 2019 til 2020. Tómas hefur frá því í ársbyrjun 2020 starfað sem forstjóri HS Orku en starfaði frá 2014–2019 sem aðstoðarforstjóri og framkvæmdastjóri Alcoa Corporation á heimsvísu. Tómas var áður forstjóri Alcoa Fjarðaáls og Alcoa á Íslandi, en fluttist í árslok 2011 til Genfar til að stýra Alcoa í Evrópu og Mið-Austurlöndum. Tómas var formaður Viðskiptaráðs Íslands frá 2009–2012 og sat í stjórn Samtaka iðnaðarins frá 2005–2011. Hann sat í framkvæmdastjórn evrópskra álframleiðenda, Eurometaux, og Bandaríska viðskiptaráðs Evrópusambandsins frá 2012–2014. Tómas sat í fjölda stjórna á vegum Alcoa ásamt því að sitja í stjórn evrópskra álframleiðenda og Business Europe. Tómas situr í stjórn Cargow B.V. og DTE ehf. Tómas er með M.Sc. gráðu í skipulagsverkfræði frá Cornell Háskóla í Bandaríkjunum og B.Ss. gráðu í bygginga- og umhverfisverkfræði frá Háskóla Íslands.

Starfsreglur tilnefningarnefndarinnar voru samþykktar í núverandi mynd á hluthafafundi Íslandsbanka þann 26. maí 2021 og er þær aðgengilegar á [vef bankans](#).

Störf tilnefningarnefndar

Nefndin hittist 14 sinnum á tímabilinu frá því að hún var formlega skipuð, að meðtöldum þremur fundum með hluthöfum og fjórum fundum með frambjóðendum.

Fyrsti fundur nefndarinnar eftir skipan var haldinn 15. október 2021. Á fundinum fór fram val á formanni nefndarinnar og ritara. Stjórnarformaður bankans kynnti núverandi samsetningu stjórnar til upplýsingar fyrir nefndina. Nefndin fór yfir starfsreglur nefndarinnar og kortlagningu á vinnuferli valnefndar Bankasýslu ríkisins.

Annar fundur nefndarinnar var haldinn 11. janúar 2022. Á fundinum ræddi nefndin hvernig viðræðum nefndarinnar við stærstu hluthafa skyldi háttað og um fyrirkomulag tilnefninga til stjórnar á aðalfundi bankans.

Þriðji fundur nefndarinnar var haldinn 19. janúar 2022 þar sem upplýst var um framvindu mála og samskipti formanns nefndarinnar við formann Bankasýslu ríkisins. Nefndin fékk aðgang að niðurstöðum árangursmats stjórnar bankans. Árangursmat stjórnar var m.a. lagt til grundvallar við mat nefndarinnar á störfum stjórnarinnar og samsetningu hennar.

Á fjórða og fimmta fundi nefndarinnar 4. og 7. febrúar 2022 fundaði nefndin með nokkrum af stærstu innlendu hluthöfum bankans. Á fundum nefndarinnar með hluthöfum komu m.a. fram þau sjónarmið að ákjósanlegt sé að innan stjórnar bankans sé einstaklingur með haldgóða þekkingu á áhættustýringu, sjálfbærni (umhverfismálum, félagslegum þáttum og góðum stjórnarháttum (UFS)), sem og reynslu af rekstri fjármálafyrirtækja og því eftirlitsumhverfi sem því fylgir. Jafnframt lögðu hluthafarnir áherslu á að gætt sé að því að stjórnarmenn hafi hreint mannorð og gott orðspor, slíkt sé kannað fyrirfram út frá tengslaneti og með umsögnum líkt og í ráðningarferli. Forsvarsmenn hluthafa voru jafnframt áhugasamir um hvernig starfið í stjórninni hafi gengið, fyrirkomulag stjórnarfunda, hve tímafrek stjórnarstörfín væru og hvaða þekkingu og reynslu tilnefningarnefndin væri sérstaklega að leita eftir. Forsvarsmenn hluthafanna lögðu jafnframt áherslu á fjölbreytileika í stjórn, bæði hvað varðar kyn og aldur, og svo menntun og hæfni.

Á sjötta og sjöunda fundi nefndarinnar þann 11. febrúar og 23. febrúar fór nefndin yfir framkomin framboð til stjórnar. Formaður nefndarinnar fór stuttlega yfir endurgjöf frá

fundum með hluthöfum og hvaða þekkingu og reynslu þeir teldu mikilvæga sem hún hafði tekið saman fyrir fundinn í lykil. Nefndin studdist við þessi atriði við mat sitt á hæfi stjórnarmanna og er að finna umfjöllun um þau viðmið aftar í skýrslu þessari.

Á áttunda og níunda fundi nefndarinnar, þann 28. febrúar og 1. mars, vann nefndin að drögum að skýrslu um störf sín og gerði drög að tilnefningum til stjórnar á aðalfundi bankans.

Á tíunda fundi nefndarinnar, 2. mars, vann nefndin áfram að tilnefningum sínum til stjórnar. Formaður nefndarinnar gerði öðrum nefndarmönnum grein fyrir fundum sínum með þeim einstaklingum sem nefndin hyggst tilnefna til setu í stjórn á aðalfundi bankans.

Nefndin hefur sérstakt netfang tilnefningarnefnd@islandsbanki.is þar sem hluthafar og aðrir geta komið framboðum eða öðrum upplýsingum á framfæri við nefndina.

Með tilkynningu í kerfi Kauphallarinnar og auglýsingu á vefsíðu bankans þann 4. febrúar óskaði tilnefningarnefnd Íslandsbanka eftir framboðum til stjórnar til nefndarinnar fyrir 21. febrúar.

Störf tilnefningarnefndar og skilafrestur umsókna til hennar takmarka ekki rétt frambjóðenda til að skila inn framboðum til stjórnar bankans áður en almennur framboðsfrestur rennur út, sem er fimm (5) dögum fyrir aðalfund bankans, þ.e. klukkan 16:00 þann 12. mars 2022. Frambjóðendur sem vilja skila inn framboði til stjórnar eru beðnir um að fylla út sérstakt eyðublað sem finna má á [vef bankans](#).

Valnefnd Bankasýslu ríkisins og tilnefningar hennar

Bankasýsla ríkisins starfrækir sérstaka þriggja manna valnefnd sem tilnefnir aðila fyrir hönd ríkisins sem rétt hafa til setu fyrir hönd ríkisins í bankaráðum eða stjórnnum fyrirtækja á forræði stofnunarinnar. Samkvæmt samningi milli Íslandsbanka og Bankasýslu ríkisins skulu tilnefningarnefnd bankans og valnefnd Bankasýslunnar tryggja að þegar kjósa skal í stjórn, séu í framboði til stjórnar hópur sem uppfylli á hverjum tíma ákvæði laga um samsetningu, bæði hvað varðar breidd þekkingar og kynjahlutfall.

Bankasýsla ríkisins skal tilnefna til kjörs stjórnarinnar það hlutfall stjórnarmanna sem samsvarar eignarhluta ríkisins þegar kjör stjórnar fer fram. Bankasýsla ríkisins hefur tilnefnt þá fjóra einstaklinga í stjórn bankans og einn varamann, sem tilgreindir eru hér að neðan, Bankasýsla ríkisins tilnefnir ekki fleiri einstaklinga til kjörs en vann með tilnefningarnefnd bankans að tilnefningu á formanni stjórnar. Var það því í verkahring tilnefningarnefndar að tilnefna þrjá stjórnarmenn og einn til vara.

Anna Þórðardóttir, stjórnarmaður

Anna (f. 1960) hefur verið stjórnarmaður frá apríl 2016. Hún hefur mikla reynslu af stjórnarsetu. Hún hefur setið í stjórn KPMG og félags löggiltra endurskoðenda. Hún situr í stjórn Framtíðarseturs Íslands og er formaður endurskoðunarnefndar Haga. Anna starfaði hjá KPMG á árunum 1988-2015, þar af sem eigandi frá 1999 og bar m.a. ábyrgð á endurskoðun hjá eftirfarandi félögum: Reitum, Högum, 365, Baugi Group, Vodafone, Landfestum, Landey, 10-11 og Félagsbústöðum. Anna er löggiltur endurskoðandi og er með cand. oecon. gráðu í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands. Hún stundaði cand. merc. nám í fjármálafræðum við Handelshøjskolen í Árósum, Danmörku. Anna á enga hluti í Íslandsbanka og telst óháð bankanum og stórum hluthöfum hans. Engin hagsmunatengsl eru við helstu viðskiptaaðila eða samkeppnisaðila Íslandsbanka.

Frosti Ólafsson, stjórnarmaður

Frosti (f. 1982) hefur verið stjórnarmaður frá mars 2020. Frosti starfar sem framkvæmdastjóri Olíuverzlunar Íslands hf. Hann starfaði áður m.a. sem sjálfstæður ráðgjafi, forstjóri ORF Líftækni, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands og ráðgjafi hjá McKinsey & Company. Í sínum fyrri verkefnum hefur Frosti veitt leiðandi innlendum og alþjóðlegum fyrirtækjum ráðgjöf og þjónustu á breiðu sviði, m.a. við stefnumörkun, hagsmunagæslu, rekstrarumbætur og stjórnarhætti. Frosti situr í stjórn Controlant, Óson ehf. og félögum í eigu Olíuverzlunar Íslands, þ.e. Mjöll-Frigg ehf. og Garður ehf. Frosti er með MBA gráðu frá London Business School og B.Sc. gráðu í hagfræði frá Háskóla Íslands og Macquire University í Sydney, Ástralíu. Frosti á 0,00063% hlut í Íslandsbanka og telst óháður bankanum og stórum hluthöfum hans. Engin hagsmunatengsl eru við helstu viðskiptaaðila eða samkeppnisaðila Íslandsbanka.

Guðrún Þorgeirsdóttir, stjórnarmaður

Guðrún (f. 1979) hefur verið stjórnarmaður frá mars 2020. Hún er framkvæmdastjóri viðskiptapróunar hjá PayAnalytics. Hún starfaði áður sem framkvæmdastjóri fjármálasviðs hjá Skeljungu. Guðrún hefur reynslu sem framkvæmdastjóri áhættustýringar og sem fjárfestingarstjóri. Hún er reyndur stjórnarmaður og hefur gegnt stjórnarstörfum í tryggingarfélögum, fjármálafyrirtækjum og verslunar- og þjónustufyrirtækjum og hefur meðal annars setið í stjórn Vátryggingafélags Íslands, Lífiss, Lyfju og Lýsingar. Guðrún er varamaður í stjórn Pavonis ehf. og framkvæmdastjóri félagsins Tharsis ehf. Guðrún er með MBA gráðu frá HEC School of Management í Frakklandi, B.Sc. gráðu í iðnaðarverkfræði frá Háskóla Íslands, og hefur lokið prófi í verðbréfavíðskiptum. Guðrún á enga hluti í Íslandsbanka og telst óháð bankanum og stórum hluthöfum hans. Engin hagsmunatengsl eru við helstu viðskiptaaðila eða samkeppnisaðila Íslandsbanka.

Heiðrún Jónsdóttir, stjórnarmaður

Heiðrún Jónsdóttir (f. 1969) hefur verið stjórnarmaður frá apríl 2016 og varaformaður stjórnar frá mars 2020. Hún starfar sem héraðsdómslögmaður hjá Múla lögmannsstofu. Auk þess að sitja í stjórn bankans er hún stjórnarmaður í Regin fasteignafélagi, Royal Arctic Line, Svarmi ehf. og Múla lögmannsstofu ehf. Hún starfaði áður sem framkvæmdastjóri hjá Eimskipafélagi Íslands, Lex lögmannsstofu og framkvæmdastjóri lögfræði- og mannauðssviðs KEA. Hún hefur viðtæka reynslu af stjórnarsetu frá árinu 1998. Hún hefur meðal annars verið formaður stjórnar Norðlenska, Íslenskra verðbréfa, Gildis lífeyrissjóðs og stjórnarmaður í stjórn Símans, Icelandair Group, Olíuverzlunar Íslands, Ístaks, Reiknistofu bankanna, Arion verðbréfavörslu, Þekkingar og Landssambands lífeyrissjóða. Þá sat hún í stjórn Lögmannafélags Íslands 2016-2019, og var varaformaður þess 2018-2019. Heiðrún er með embættispróf frá lagadeild Háskóla Íslands og hefur lokið prófi í verðbréfavíðskiptum. Hún lauk stjórnendanámi, Advanced Management Program (AMP) frá IESE Business School í Barcelona á Spáni. Heiðrún á 0,00063% hlut í Íslandsbanka og telst óháð bankanum og stórum hluthöfum hans. Engin hagsmunatengsl eru við helstu viðskiptaaðila eða samkeppnisaðila Íslandsbanka.

Herdís Gunnarsdóttir, varastjórn

Herdís Gunnarsdóttir (f. 1968) hefur verið varamaður í stjórn Íslandsbanka frá apríl 2016. Hún tók sæti í aðalstjórn bankans í nóvember 2020 og sat sem stjórnarmaður

fram að aðalfundi bankans 2021. Herdís er framkvæmdastjóri réttindasviðs Tryggingastofnunar og hefur áður starfað, m.a. sem forstjóri Heilbrigðisstofnunar Suðurlands. Herdís er með yfirgripsmikla reynslu sem stjórnandi í heilbrigðisgeiranum og hjá opinberum stofnunum, en hefur að auki sinnt sjálfstæðum verkefnum á sviði stefnumótunar og verkefnisstjórnunar. Samhliða störfum sínum hefur hún einnig sinnt háskólakennslu. Þá hefur hún langa reynslu af stjórnarstörfum á vettvangi félagasamtaka, stéttar- og fagfélaga, lífeyrissjóða og í Evrópusamstarfi, þar af með stjórnarformennsku í lífeyrissjóði og hjá Evrópusamtökum. Herdís er með MBA gráðu frá Háskóla Íslands, M.Sc. gráðu í barnahjúkrun og B.Sc. gráðu í hjúkunarfræði, frá Háskóla Íslands. Herdís á enga hluti í Íslandsbanka og telst óháð bankanum og stórum hluthöfum hans. Engin hagsmunatengsl eru við helstu viðskiptaaðila eða samkeppnisaðila Íslandsbanka.

Hæfniskröfur og viðmið tilnefningarnefndar fyrir stjórn Íslandsbanka

Við mat tilnefningarnefndar á framboðum horfði nefndin til hæfisskilyrða stjórnar samkvæmt 52. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, ákvæða stefnu bankans um hæfi stjórnar, bankastjóra og lykilstarfsmanna og viðeigandi leiðbeininga og tilmæla um hæfi stjórnar fjármálafyrirtækja. Framangreindu til viðbótar hafði nefndin til hliðsjónar reynslu og þekkingu frambjóðenda á eftirfarandi þáttum:

- Sjálfbærni (UFS)
- Reynsla af störfum á Alþjóðavettvangi
- Fjárfestingarbankastarfsemi
- Viðskiptabankastarfsemi
- Áhættustýring
- Endurskoðun
- Lögfræði/Eftirlitsaðilar
- Reynsla úr atvinnulífi
- Gott orðspor

Við undirbúning tillagna sinna um frambjóðendur til stjórnar lagði nefndin mat á hæfni frambjóðenda, færni, reynslu og þekkingu samkvæmt gildandi reglum um hæfi stjórnarmanna í fjármálafyrirtækjum. Nefndin lagði einnig mat á óhæði frambjóðenda í samræmi við Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Samtök atvinnulífsins og Nasdaq Íslandi og lagði jafnframt mat á þann tíma sem vænta má að stjórnaseti krefjist. Nefndin leitaðist jafnframt við að koma á fjölbreyttri stjórn bankans og í þeim efnum fylgja samþykktum bankans, þar á meðal ákvæðum samþykktanna um jafnrétti kynjanna.

Tilnefningar í stjórn Íslandsbanka

Tilnefningarnefnd lagði mat á þau framboð sem bárust nefndinni og hafði það að markmiði að sá hópur sem nefndin tilnefnir í stjórn bankans, ásamt þeim einstaklingum sem Bankasýsla ríkisins tilnefnir, hafi nægilega breidd hvað varðar þekkingu, reynslu og bakgrunn út frá stefnu, þörfum og starfsemi bankans og að sá hópur sem tilnefndur er sé nægilega fjölbreyttur.

Allir frambjóðendur skiluðu ferilskrám ásamt framboðseyðublaði þar sem fram komu upplýsingar til að hægt væri að leggja mat á hæfi þeirra, upplýsingar um stjórnarsetu þeirra

í öðrum félögum, eignarhluti í félaginu, beint eða í gegnum tengda aðila og möguleg hagsmunatengsl.

Tilnefningarnefnd Íslandsbanka leggur til að auk þeirra sem Bankasýsla ríkisins hefur tilnefnt, verði eftirtaldir einstaklingar kjörnir í stjórn Íslandsbanka hf. á aðalfundi bankans 17. mars nk.

Finnur Árnason, stjórnarformaður

Finnur Árnason starfar sem sjálfstætt starfandi rekstrarráðgjafi. Hann er nú stjórnarformaður Nýja Landspítalans, NLSH ohf. og er stjórnarformaður Ormsson. Finnur hefur víðtæka reynslu úr íslensku atvinnulífi. Hann var m.a. forstjóri Haga hf. í 15 ár og þar áður framkvæmdastjóri Hagkaups. Finnur hefur auk þess mikla reynslu sem stjórnarmaður í fyrirtækjum og samtökum. Hann hefur m.a. setið í stjórn Olíuverslunar Íslands, Skeljungs, Húsasmiðjunnar og færeyska smásölufélagsins SMS. Auk þess hefur Finnur setið í stjórn og framkvæmdastjórn Samtaka atvinnulífsins, stjórn Viðskiptaráðs, stjórn Samtaka verslunar og þjónustu og í stjórn háskólans á Bifröst. Finnur er með Cand Oecon gráðu frá Háskóla Íslands og með MBA gráðu frá University of Hartford í Bandaríkjunum. Finnur Árnason á beint 0,00063% hluti í Íslandsbanka og 0,00063% hluti í gegnum Rekavík ehf. og telst óháður bankanum og stórum hluthöfum hans. Engin hagsmunatengsl eru við helstu viðskiptaaðila eða samkeppnisaðila Íslandsbanka.

Ari Daniélsson, stjórnarmaður

Ari Daniélsson hefur starfað á fjármálamarkaði á Íslandi og á meginlandi Evrópu í yfir 20 ár, sem stjórnandi og stjórnarmaður í fjölda fyrirtækja. Frá árinu 2010 hefur hann gengt starfi framkvæmdastjóra og stjórnarmanns hjá Reviva Capital S.A., sérhæfðu eignastýringarfyrirtæki með höfuðstöðvar í Lúxemborg, sem veitir alþjóðlegum fagfjárfestum og bönkum þjónustu á sviði lánaumsýslu. Í gegnum störf sín hjá Reviva hefur Ari tekið virkan þátt á markaði með bankaeignir, fyrirtækjalán og fasteignasöfn í 12 Evrópuríkjum og komið að stefnumótun og fjárhagslegri endurskipulagningu banka, fasteignafélaga og fjárfestingafélaga víða um álfuna.

Á árunum 2006–2010 starfaði Ari hjá forvera Íslandsbanka og leiddi um tíma viðskiptaþróun innanlands, stýrði eignafjármögnun bankans (nú Ergo) og vann að endurskipulagningu á dótturfélagi í Lúxemborg, sem og endurheimt á evrópsku fasteignalánasafni bankans. Ari hefur einnig mikla reynslu á sviði upplýsingatækni og af innviðum fjármálakerfa og greiðslumiðlunar og hefur setið í stjórn nokkurra fyrirtækja á því sviði, m.a. í stjórn Borgunar á árunum 2018–2021 og einnig frá 2006–2008. Á árunum 2000 til 2006 rak hann hugbúnaðarfyrirtækið Mentis hf., sem þróaði innviðalausnir fyrir fjármálamarkað. Ari er tölvunarfræðingur og MBA frá Háskólanum í Reykjavík, auk þess að hafa lokið viðbótarnámi í stjórnarháttum alþjóðlegra fyrirtækja (IDP) frá INSEAD viðskiptaháskólanum í Frakklandi.

Ari á óbeint 0,00190% hluti í Íslandsbanka í gegnum eignarhaldsfélagið MFT 1 ehf. og telst óháður bankanum og stórum hluthöfum hans. Engin hagsmunatengsl eru við helstu viðskiptaaðila eða samkeppnisaðila Íslandsbanka.

Tanya Zharov, stjórnarmaður

Tanya Zharov er aðstoðarforstjóri Alvotech. Á árunum 2016–2020 starfaði hún sem aðstoðarforstjóri Íslenskrar erfðagreiningar og hún starfaði einnig hjá fyrirtækinu á

árunum 1999–2007 sem lögfræðingur og framvæmdastjóri stjórnunarviðs. Á árunum 2008–2015 var hún framkvæmdastjóri lögfræðisviðs hjá Auði Capital og síðar Virðingu eftir samruna félaganna. Hún var meðeigandi og skattalögfræðingur hjá PwC 1996–1998. Hún er lögfræðingur frá Háskóla Íslands og evrópskur einkaleyfalögfræðingur. Tanya hefur setið í stjórnnum fjölda félaga meðal annars Carbon Recycling, Orflíftækni, Nasdaq Omx hf. og var formaður stjórnar Íslandssjóða 2016–2021. Hún annaðist kennslu og prófaumsjón í verðbréfarétti í námi til öflunar verðbréfaþrófaréttinda á árunum 2009–2019. Tanya situr í stjórn Háskólans í Reykjavík og er varaformaður stjórnar Sýnar fram að aðalfundi 2022. Tanya á óbeint 0,00007% hluti í Íslandsbanka í gegnum eignarhaldsfélagið Tölur ehf. og telst óháð bankanum og stórum hluthöfum hans. Engin hagsmunatengsl eru við helstu viðskiptaaðila eða samkeppnisaðila Íslandsbanka.

Páll Grétar Steingrímsson, varastjórn

Páll Grétar Steingrímsson starfaði hjá Deloitte á árunum 1988–2021, þar af sem eigandi frá 1999 og þar m.a. ábyrgð á endurskoðun hjá eftirfarandi félögum: Arion Banka, Stefni, Landsneti, Sjóvá og Íslandsbanka. Páll átti sæti í stjórn Deloitte 2007 – 2018. Hann leiddi þjónustu félagsins við fjármálafyrirtæki frá 2006, sat í stjórnendateymi fyrir þá þjónustu hjá Deloitte á Norðurlöndum frá 2016 og leiddi endurskoðunarhluta þess. Páll var varaformaður Félags löggiltra endurskoðenda um tveggja ára skeið. Hann er formaður endurskoðunarnefndar Þorbjarnar hf. og varamaður í endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar. Páll er löggiltur endurskoðandi og er með Cand.oecon. gráðu í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands. Páll Grétar Steingrímsson á enga hluti í Íslandsbanka og telst óháður bankanum og stórum hluthöfum hans. Engin hagsmunatengsl eru við helstu viðskiptaaðila eða samkeppnisaðila Íslandsbanka.

Verði stjórn bankans skipuð þeim einstaklingum sem nefndin og Bankasýsla ríkisins tilnefna er það mat nefndarinnar að hún muni hafi nægilega breidd hvað varðar þekkingu, reynslu og bakgrunn út frá stefnu, þörfum og starfsemi bankans og uppfyllir ákvæði laga og samþykka bankans um að hlutfall hvors kyns í stjórn og varastjórn skuli ekki vera lægra en 40%. Jafnframt endurspeglar samsetning þessi fjölbreyttan hóp einstaklinga, meðal annars m.t.t. menntunar, starfsreynslu og aldurs.